

Veitingahús við Arnarvog



Orri Árnason
Arkitekt FAÍ

ZEPPELIN ARKITEKTAR

Zeppelin ehf er einkahlutafélag í eigu Orra Árnasonar arkitekts. Félagið var formlega stofnað árið 1997 en hafði hafið starfsemi árið áður. Zeppelin er alhliða hönnunar og ráðgjafafyrirtæki á sviði bygginga og skipulagsmála. Viðskiptavinir Zeppelin eru sveitafélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar.

Zeppelin arkitektar hafa frá upphafi lagt áherslu á að nýta nýjustu tækni við hönnun hinna ólíku verkefna fyrirtækisins. Þannig eru tölvur og hugbúnaður uppfærður reglulega og eins höfum við frá árinu 2006 hannað nær allar byggingar í þrívíddarforrtium (BIM).

Verkefni Zeppelin hafa verið af fjölbreyttum toga og má nefna Sjálandsskóla, skólamiðstöð á Fáskrúðsfirði, sumarbústað á Þingvöllum sem tilnefndur var til íslensku byggingarlistarverðlaunanna, aflpynnuverksmiðjuna á Akureyri, fjölda skipulagsverkefna auk fjölbýlishúsa. Þá höfum við tekið þátt í mörgum arkitektasamkeppnum og unnið til verðlauna.

Helstu verkefni Zeppelin arkitekta má sjá á heimasíðu félagsins www.zeppelin.is

VEITINGAHÚS VIÐ ARNARVOG

Markmið

Að hanna veitingahús þar sem eru hvort tveggja hefðbundinn veitingastaður (með kaffisölu) og veislusalur. Hús með sérstöðu og aðdráttarafl vegna eiginleika þess og staðsetningar. Hús sem myndar skjólgóð og sólrík svæði, þar sem gestir mega njóta útsýnis og veðurbliðu þegar hún gefst og er jafnframt verðugur útvörður framtíðarútivistarsvæðis Garðbæinga, griðar- og samkomustaður þeirra í náninni snertingu við náttúruna. Að hanna hús sem jafnframt því að þjóna sínu hlutverki er einnig útsýnisstaður og umgjörð um alls kyns viðburði utanhúss. Unnið verði með náttúrleg efni.

Útfærsla

Upp af timburverönd (lerki) rís einnar hæðar hús, ílangt og nokkuð óreglulegt í lögun og klætt standandi lerki. Þak verður grasi lagt. Í húsinu verða veitinga- og veislusalur með sameiginlegu eldhúsi og salernum. Ofan á húsinu verður útsýnis/kaffiverönd sem gengið er uppá um breiðar tröppur, sem einnig gegna hlutverki áhorfendapalla.

Veitingastaðurinn og veislusalur snúa út á Arnarvog og innan úr þeim má njóta útsýnis yfir voginn og Snæfellsjökul. Glerjaður gangur sem snýr út á voginn liggur á milli salanna og þaðan verður hægt að ganga út á verönd samsíða strandlengjunni. Salerni hússins eru við ganginn. Aðstaða starfsmanna snýr að bílastæðum sunnan við húsið og einnig eldhúsið, en til hagræðingar verður hægt að ganga úr því beint inn í báða salina.


Vestan við veitingasalinn er mikið þakskyggni sem gefur mikla möguleika til skjólmyndunar, en það mun til muna lengja þann tíma sem hægt verður að nýta veröndina. Þá gefur það einnig möguleika á að taka á móti fleiri gestum en ella.

Lóð

Norðan og vestan við húsið verður byggð verönd úr lerki. Vestan við veröndina og í góðri augnsýn frá veitingastaðnum verður útbúin lítill vaðtjörn. Sunnan við vaðtjörnina og framan við tröppurnar (áhorfendapallana) sem liggja upp á þakveröndina verður byggt lítið svið, þar sem hægt verður að troða upp með alls kyns skemmtiefni. Bílastæði eru syðst á lóðinni. Stefnt er að því að rækta upp tré austan við húsið og milli þess og bílastæðaplansins. Trén munu með tímanum mynda skjól fyrir vindum og gera aðkomuna að veitingahúsinu skemmtilegri. Þessi gróðursetning verður unnin í samræmi við fyrirhugaða gróðursetningu á útivistarsvæðinu.

- Helstu stærðir:
- Stærð húss: 500m2
- Gestir veitingahúss: 40
- Gestir veislusalar: 130
- Mesta hæð: 5,5m

Í tillögu þessari er aðaláherslan lögð á útlit hússins og legu, en innra skipulagi er stillt upp með skematískum hætti.



Sólargangur og útsýni

